

**Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023****UPPE2AU05**

Kennari	Anna Rún Jóhannsdóttir, anna.run.johannsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudaga 10:25 – 11:05 á kennarastofu.	
Námsefni	Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla eftir Guðrúnu Friðgeirsdóttur og Margréti Jónsdóttur. M&M, 2005. Fæst í helstu bókabúðum.	
Áfangalýsing	Uppeldis- og menntunarfræði kynnt sem fræðigrein. Fjallað verður um grundvallarhugtök í uppeldisfræði, fjallað um uppeldi í sögulegu samhengi og nemendur kynnast lauslega hugmyndafræði nokkurra þekktra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólastarf í Evrópu. Nemendur kynna sér ákveðin atriði úr þroskaferli barna og læra um samskipti, vitsmuna- og siðferðisþroska, þróun sjálfsins, listsköpun barna, leiki o.fl. Nemandi fær þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum við að skipuleggja verkefnavinnu, leita upplýsinga, vinna úr gögnum og kynna eigin niðurstöður. Fyrirlestrar, umræður, hópvinna og ýmis verkefni.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Símatsáfangi. Nemandi þarf að ná 4,5 úr hlutaprófum til að fá aðra námsþætti metna. Missir þú af hlutaprófi þarf að taka það upp í næsta stoðtíma. Ljúka þarf öllum prófum til að ná áfanga.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Hlutapróf x 3		50%
	Skilaverkefni		20%
	Tímaverkefni og virkni í tímum		30%

Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Nemendur geta skilað verkefnum eftir auglýstan skiladag en lækka um 1 í einkunn fyrir hvern dag sem skilað er of seint. Kennari áskilur sér rétt til að taka ekki við skilaverkefnum fimm dögum eftir skiladag.
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Mótunaraðilum uppeldis og menntunar og áhrifum samfélags og ýmissa menningarþátta á börn og unglinga. - Mismunandi kenningum um uppeldi og menntun. - Aðalatriðum í sögu uppeldis og menntunar á Íslandi. - Störfum og markmiðum leikskóla. - Samskiptaaðferðum og leiðum til að leysa ágreining í uppeldi. - Mikilvægi þeirra sem starfa með börnum og unglingum. - Uppeldislegu gildi íþrótta- og tómstundastarfs og framboð í eigin samfélagi. - Ýmsum atriðum í þroskaferli barna s.s. siðgæðis- félags- og vitsmunapróska, sjálfsmynd o.fl.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Beita aðferðum við lausn ágreinings. - Beita mismunandi aðferðum við að koma þekkingu sinni á framfæri. - Vinna sjálfstætt og með öðrum. - Bera saman hugmyndir ýmissa uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á skólastarf í Evrópu. - Bera saman mismunandi leikskólastefnur. - Greina ýmsa þætti í þroskaferli barna.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Greina uppeldisleg álitamál og draga rökstuddar ályktanir þar um. - Taka sjálfstæða afstöðu til mála er varða uppeldi og menntun. - Miðla þekkingu sinni á margvíslegan hátt. - Taka á ábyrgan hátt þátt í umræðu og verkefnum sem tengjast uppeldi.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 1 klst.	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Skilaverkefni	10 klst.	10 klst.
Alls		102 klst. = 5 feín*

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 feín	18 - 24 klst.
2 feín	36 - 48 klst.
3 feín	54 - 72 klst.
4 feín	72 - 96 klst.
5 feín	90 - 120 klst.

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 5. - 15. janúar	Uppeldi og menntun í aldanna rás	Tímaverkefni
2. vika 16. - 22. janúar	Uppeldi og menntun í aldanna rás	Tímaverkefni
3. vika 23. - 29. janúar	Uppeldi og menntun í aldanna rás	Tímaverkefni Hlutapróf 1 – 16% Tímaverkefni og virkni í tímum – 10%
4. vika 30. janúar - 5. febrúar	Þroskaferill barnsins	Tímaverkefni
5. vika 6. - 12. febrúar	Þroskaferill barnsins	Tímaverkefni
6. vika 13. - 19. febrúar	Samskipti foreldra og barna	Tímaverkefni
7. vika 20. - 26. febrúar	Samskipti foreldra og barna	Tímaverkefni Hlutapróf 2 – 17% Tímaverkefni og virkni í tímum – 10%
8. vika 27. febrúar - 5. mars	Leikskólastefnur	Tímaverkefni
9. vika 6. - 12. Mars <i>Miðannarmat</i>	Leikskólastefnur	Tímaverkefni
10. vika 13. - 19. mars	Skilaverkefni	
11. vika 20. - 26. mars	Skilaverkefni	Skilaverkefni 20%
12. vika 27.mars - 2. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Listir í lífi barna, teikningar og bækur	Tímaverkefni
13. vika 11. - 16. apríl	Listir í lífi barna, teikningar og bækur	Tímaverkefni
14. vika 17. - 23. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Leikir og leikföng	Tímaverkefni
15. vika 24. - 30. apríl	Leikir og leikföng Íþróttir og uppeldi	Tímaverkefni
16. vika 1. - 10. maí	Íþróttir og uppeldi	Hlutapróf 3 – 17% Tímaverkefni og virkni í tímum – 10%

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Anna Rún Jóhannsdóttir